

## Lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987

Í frumvarpi til fjárlaga komandi árs, 2025 er lagt til að sóknargjöld lækki um u.þ.b. 5% eða úr kr. 1.192 á mann á mánuði í kr. 1.133.

Frá því fljótlega eftir hrun hafa sóknargjöld verið rétt helmingur af því sem þau voru fyrir bankahrunið 2008. Því hafa söfnuðir Þjóðkirkju og starfsstöðvar annarra lífsskoðunarfélög þurft að sníða stakk sinn þröngt vegna þessa undanfarin 16 ár. Þessa skerðingu tóku lífsskoðunarfélög á sig tímabundið. Hrunið er löngu yfirstaðið og ekki fæst séð réttlæting frekari skerðingar.

Skerðingin hefur sannarlega komið niður á æskulýðsstarfi sem og almennu starfi og þjónustu lífsskoðunarfélaga. Að sama skapi hafa framkvæmdir og viðhald við húsnæði og eignir setið á hakanum. Hér í Hveragerði hefur verið unnið fallett og gott æskulýðsstarf, haldið fallega utan um nýbakaða foreldra ásamt því að íbúar og gestir eru ávallt velkomnir í kirkjuna á viðburði með trúarlegu ívafi og/eða aðra þá sem auka menningu og samveru.

Það er ljóst að ekki er hægt að reka söfnuði og lífsskoðunarfélög til lengdar á hálfu framlagi og ljóst að festa þarf betri lausn í lög en lagt hefur verið til.

Undirrituð leggur til að sóknargjöld verði hækkuð og sú tala sem verður ofan á verði vísitölutengd. Það myndi auðvelda ábyrga fjárhagsáætlanagerð lífsskoðunarfélaga sem og að auka fyrirsjáanleika starfsumhverfis þeirra.

Alda Pálsdóttir  
Hveragerði